

## HAGTÖLUR ÍSLENSKA TÓNLISTARIÐNAÐARINS

Erla Guðmundsdóttir, MS í ?,  
Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor, Háskóli Íslands

Töluvert hefur verið rætt um mikilvægi íslenskrar tónlistar í kynningu landsins og sem útflutningsvöru. En hversu stór er íslenskri tónlistariðnaðurinn? Lítið er í raun vitað um umfang geirans, ef frá eru taldar upplýsingar um virðisaukaskylda veltu hans frá árinu 2010. Sérstaklega er bagalegt að héraendis hafa ekki verið til samanburðarhæfar tölur við erlend ríki. Rannsóknin snýr að því að draga saman gögn um tekjur af tónlistarsköpun. Skipta má tekjum sem falla undir íslenska tónlistariðnaðinn í þrennt: sölutekjur vegna hljóðritaðrar tónlistar, flutningstekjur og höfundarréttartekjur auk mögulegra útflutningstekna sem skapast í af bæði sköpun og flutningi tónlistar.